

Stjórnarfundur TSÍ þann 11.02 2010 kl 17:00 – 19:00

Mætt voru Andri, Gunnar, Hafsteinn, Helgi, Ingólfur, Jónas, Rakel og Skjöldur

1) Farið yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 lið fyrir lið.

Ákveðið var sækja um fyrir Kjartan að fara í Evrópuþróunarmótið þó að umsóknarfresturinn sé útrunninn og að ekkert sé ákveðið um hvort TSÍ styrki eður ei. Jónas mun verða í sambandi við tengilið Evrópuþróunarmótsins og kanna þetta.

Halda á tvö Evrópumót í sumar og mun TSÍ styrkja hvort mótið um 130.000 kr. Raj mun halda mót fyrir U16 og Jónas fyrir U14, tímasetning er ekki komin á hreint.

Ingólfur mun áfram vera kynningarstjóri fyrir TSÍ. Stjórnin óskar eftir því að kynningarstjóri muni gefa skýrslu um hvaða umfjöllun mótið fékk í fjölmiðlum um hvert mót. Þessi skýrsla verði svo send á stjórn TSÍ eftir hvert mót eða í lok hvers árs. Borgað verði svo eftir þessari skýrslu, að hámarki 140.000 kr.

Ákveðið var að fela Yousef Sheikh áfram að vera yfir dómaranefnd og 200.000 kr áætlaðar í þá nefnd.

Jónas er formaður þjálfaranefndar og útbreiðslunefndar, sama fólkið er í þessum tveimur nefndum. Ákveðið var að peningurinn sem var hugsaður í skólakynningar myndi falla undir útbreiðslunefnd.

Rakel mun áfram vera vefstjóri tennissamband.is. Samþykkt var að 300.000 kr myndi fara í heimasíðuna auk nýrra þátta á síðunni eins og t.d. gagnasöfnun um Íslandsmeistara frá upphafi.

Jónas mun sjá um samskipti við útlönd (ITF/ETA) fyrir hönd TSÍ og þar af leiðandi verða skráður formlega sem framkvæmdastjóri fyrir TSÍ upp á þau samskipti.

Samþykkt var að Helgi muni taka að sér að sjá um öll samskipti TSÍ við ÍSÍ fyrir 150.000 kr. Það starf felur m.a. í sér að sækja um alla mögulega styrki, útbúa starfsskýrslu, þróunarskýrslu og afreksstefnu fyrir TSÍ.

Mótanefnd fékk sama fjárframlag og í fyrra eða 200.000 kr sem hefur aðallega verið eytt í verðlaunapeninga fyrir Íslandsmót utanhúss og innanhúss, auk Jóla- og Bikarmótsins. Formaður mótanefndar, Ingólfur, var ekki viss um að það væri nægjanlegt og var því ákveðið að ef meira fjárframlag þyrfti þá væri því vísað á skrifstofukostnað.

Ákveðið var að bjóða Raj að vera áfram ITN stjóri fyrir 200.000 kr fyrir öll mót fyrir árið 2010 og mun Helgi ræða við hann.

Samþykkt var að Skjöldur myndi færa inn tillögur að breytingum á fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og stjórnarmeðlimir myndu í framhaldinu koma að athugasemdum sínum.

Rætt var um möguleikann á að hafa lið í fjárhagsáætlun fyrir styrki fyrir unga tennisleikara sem keppa á Evrópumótaröðunni sem væri þá hugsaðir sem hvatning fyrir þá til að taka þátt í slíkum mótum og koma til móts við þá. Kom meðal annars fram sú hugmynd að leikmenn undir 16 ára sem kepptu á ETA mótaröðinni gætu fengið 12-15 þúsund krónu styrk fyrir hvert mót sem þau kepptu á.

2) Annað

Lagt var til að athugað væri hvernig skráningu félagsmanna hjá klúbbum væri háttað og hvort skráning endurspeglaði raunverulega iðkendur og (virka) meðlimi.

Lagt var til að ársþingið yrði haldið þriðjudaginn 20. apríl 2010. Skjöldur telur að það sé gott fyrir TSÍ og sjálfan sig að e-r annar taki að sér formannssætið.

Kveðja,

Rakel Pétursdóttir ritari TSÍ og Hafsteinn Dan Kristjánsson meðstjórnandi